LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, ályktar að beina því til Sportnefndar FEIF að bæta við reglu um uppfærða rásröð í Reglur um íþróttakeppni.

Í1.3.1 Uppfærð rásröð

Ef mikil afskráning er í keppnisgreinum þar sem keppt er í hollum og riðið eftir þul hafa mótshaldarar leyfi að sameina í holl ef knapar eru orðnir einir í holli og með samþykki viðkomandi knapa. Uppfærð rásröð verður að birta eigi síðar en tveimur tímum fyrir eða sama tíma og afskráningarfrestur lýkur. Ekki má breyta annarri tímasettri dagskrá.

Greinargerð

Þeir sem skrá sig í þær greinar þar sem keppt er í hollum reikna knapar að ríða með öðrum inn á keppnis vellinum sér til stuðnings. Sé mikil afskráning getur ráslisti endað með nokkrum hollum þar sem knapar ríða einir og er það ekki tilgangurinn með hollunum. Þá gætu mótshaldarar sameinað knapa og þar með uppfyllt þeirra ósk að ríða með öðrum og þannig nýtt tíman betur í dagskrá.